Geómetría í Gerðarsafni

Menning ➤ 14

Góð tónlist á Hálendishátíð

Lífið ➤ 16

FASTEIGNASALAN TORG 520 9595
Við styrkjum Bleiku slaufuna

FRÉTTABLAÐIÐ

230. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 18. OKTÓBER 2022

Afar fallegt veður var í gær á höfuðborgarsvæðinu, lygnt og stillt. Við ærslabelginn við Ægisíðuna gátu krakkar farið úr skónum og sýnt listir sínar svo eftir var tekið, á sokkaleistunum einum saman. Heljarstökk, handahlaup og hlátrasköll heyrðust um Seltjarnarnesið enda fátt betra en að fá útrás á ærslabelg – sérstaklega í logni og blíðu. Þá skiptir hitastigið engu máli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Móttökubúðir ekki stefna ríkisstjórnarinnar

Engin tillaga hefur verið lögð fram um móttökubúðir fyrir flóttafólk. Félags- og vinnumarkaðsráðherra segir slíkar búðir hvorki vera á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar né ráðuneytisins.

helenaros@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Móttökubúðir fyrir umsækjendur um vernd líkt og Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra hefur talað um undanfarna daga er ekki stefna ríkisstjórnarinnar, segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra. Engin tillaga um slíkt hafi verið lögð fram.

„Þannig að ég lít á þetta sem pólitískar skoðanir. Þeim er auðvitað algjörlega frjálst að hafa sínar pólitísku skoðanir en þetta er ekki stefna mín sem ráðherra sem fer með þjónustu við flóttafólk og þetta er ekki stefna ríkisstjórnarinnar," segir Guðmundur Ingi og bætir við að enginn rökstuðningur hafi enn sem komið er fylgt hugmyndinni.

Jón hefur sagt algjört stjórnleysi ríkja hér á landi vegna aukins fjölda umsækjenda um vernd og að við því þurfi að bregðast en Guðmundur Ingi er ekki sammála.

„Ég á svolítið erfitt með að átta mig á því hvar þetta stjórnleysi er og þess vegna finnst mér umræðan svolítið absúrd. Mér finnst hálf hjákátlegt að halda þessu fram þegar mörg önnur ríki standa frammi fyrir mun stærri áskorunum en við," segir Guðmundur Ingi. Stjórnleysið sem Jón tali um tilheyri ekki þeim hluta málaflokksins sem hann stýri. „En ráðherra verður náttúrulega sjálfur að svara fyrir það hvort það sé í þeim hluta sem hann stýrir."

> **En ráðherra verður náttúrulega sjálfur að svara fyrir það hvort það sé í þeim hluta sem hann stýrir.**
>
> Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra

Guðmundur Ingi segir ráðuneytið og Vinnumálastofnun ekki sjá þörfina fyrir sérstakar móttökubúðir. Hann sjái frekar ókosti við slíkar búðir en kosti. Aðspurður hvort þeir Jón hafi rætt saman um hugmyndina segir Guðmundur Ingi svo ekki vera. „Hann hefur ekki komið fram með neinar tillögur svo hægt sé að ræða þetta á einhverjum slíkum grundvelli."

Aðspurður hvort ummæli Jóns hafi komið á óvart segist Guðmundur Ingi ekki viðkvæmur fyrir því að aðrir ráðherrar hafi skoðanir á þeim málaflokkum sem tilheyri honum. „Ég vil bara undirstrika að þetta er ekki mín skoðun," segir Guðmundur Ingi en hann er ekki viss um að móttökubúðir á Suðurnesjum líkt og Jón hefur mælt fyrir sé góð hugmynd.

Aðspurður hvort frumvarp eða lagabreytingar séu í farvatninu, sem varði móttöku umsækjenda um vernd, segir Guðmundur Ingi ráðuneytið vera að hefja stefnumótun í mjög víðtæku samráði þar sem litið er sérstaklega til aðlögunar og inngildingar innflytjenda. Þá sé verið að skoða lög og framfylgd laga á hinum Norðurlöndunum um móttöku og aðlögun innflytjenda. Þegar nánari greining liggur fyrir muni hann taka ákvörðun um framhaldið. ■

Multivan T7 eHybrid
7 manna fjölskyldubíll
Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.volkswagen.is



Jón Gunnar Jónsson forstjóri og Lárus Blöndal stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins.

Framlengja frest til að skila skýrslu

lovisa@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun hefur framlengt frest til 25. október til að skila umsögn um drög að skýrslu embættisins um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka, að beiðni Bankasýslu ríkisins.

Samkvæmt upplýsingum frá Bankasýslunni er almennt hæfilegur frestur tvær vikur og því var beðið um framlengingu. Ríkisendurskoðun sendi fjármála- og efnahagsráðuneyti, Bankasýslu ríkisins og stjórn hennar til umsagnar drög að skýrslu embættisins fyrir helgi og átti fresturinn að renna út á miðvikudag.

Í tilkynningu á fimmtudag kom fram að trúnaður gildir um skýrsludrögin og að ekki verði fjallað um þau efnislega í umsagnarferlinu, hvorki af hálfu Ríkisendurskoðunar né umsagnaraðila. ■

Ábendingar á Alþingi

Það virtist sem svo að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra væri að lesa Sigurði Inga Jóhannessyni innanviðaráðherra pistilinn þegar þau ræddu saman í þingsalnum í gær en líklegast var spjallið á léttu nótunum. Ef til vill var Katrín að ræða titilvonir Liverpool eftir sigur helgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Erfitt að tala máli allra félagsmanna

birnadrofn@frettabladid.is

KJARAMÁL Berglind Kristófersdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, segir að stjórn félagsins hafi ekki farið varhluta af umræðunni um álag, ógnarstjórn og starfsaðstæður flugfreyja.

„Félagsmenn okkar eru fjölmennur hópur með fjölbreyttar skoðanir, upplifanir og tilfinningar. Málefnin sem rata á borð Flugfreyjufélagsins eru oftar en ekki af neikvæðum toga enda tilgangur og hlutverk félagsins að standa vörð um réttindi og hagsmuni okkar félagsmanna," segir Berglind spurð um viðbrögð félagsins við svona frásögnum og umfjöllun. Hún segir að það sem félagið hafi gert sé að funda með æðstu stjórnendum Icelandair. „Það getur reynst erfitt að tala máli allra félagsmanna einni röddu en við tökum þessum umræðum og umfjöllunum alvarlega, af varfærni og virðingu. Þar af leiðandi vinnum við að því að leysa málin á öðrum vettvangi en í fjölmiðlum," segir Berglind. ■

> Félagsmenn okkar eru fjölmennur hópur með fjölbreyttar skoðanir, upplifanir og tilfinningar.
>
> Berglind Kristófersdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands

Langanesbyggð geti orðið mistöð geimflaugaskota

Sveitarstjóri Langanesbyggðar segir að það ríki almenn ánægja með geimflaugarskottilraun síðustu viku þó að skotið sjálft hafi misheppnast. Hann segist sjá markaðstækifæri fyrir sveitarfélagið í að verða að eldflaugamiðstöð.

kristinnpall@frettabladid.is

LANGANESBYGGÐ „Við fylgdumst með þessu úr góðri fjarlægð frá þessu því það voru margir á svæðinu, viðbragðsaðilar og fleiri til. Það var reyndar svolítið mistur í loftinu, þannig að við sáum ekki vel til skotsins sjálfs," segir Björn S. Lárusson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, spurður hvort hann hafi fengið að fylgjast með eldflaugarskoti sem átti sér stað í sveitarfélaginu á dögunum.

„Björgunarsveitin var að gæta upp á svæðið og slökkviliðið var um leið mætt til að fylgjast með að fólk væri ekki að fara of nálægt. Við vorum búin að koma okkur vel fyrir en mistrið í loftinu skyggði aðeins á útsýnið."

Umrædd eldflaug, Skylark L sem er ellefu metra löng, endaði í sjónum en skoska fyrirtækið Skyrora var þarna að gera sína aðra tilraun með geimflaugarskot á svæðinu. Tilraunin var hluti af undirbúningi Skyrora sem stefnir á að reyna að koma stærri eldflaugum út í geim frá og með næsta ári.

Björn tekur undir að Langanesbyggð gæti séð markaðstækifæri í því að bjóða upp á staðsetningu til slíkra tilrauna.

„Þetta var skemmtileg tilbreyting og þetta hefur vonandi bara jákvæð áhrif á samfélagið. Það gæti reynst ákveðin framtíð í því að Langanesbyggð yrði staðurinn á Íslandi sem kæmi fyrst til greina þegar kemur að því að skjóta upp tilraunaeldflaugum," segir Björn og heldur áfram:

Þetta var önnur tilraun skoska fyrirtækisins til að skjóta eldflaug frá Langanesbyggð sem stefnir á að koma flaug út í geim á næsta ári. MYND/SKYRORA

> Við fundum það alveg að fólk var spennt fyrir þessu og spennt fyrir því að Langanesbyggð yrði fyrir valinu.

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

„Við sjáum ákveðin markaðstækifæri í þessu. Við erum með fjarlægð frá byggð, innan gæsalappa, og að hér sé staður til að framkvæma þessi tilraunaskot."

Björn segist ekki vera búinn að heyra frá forráðamönnum Skyrora þar sem hann hafi verið upptekinn í gær þegar Skotarnir leituðu eftir fundi en segist eiga von á því að ræða við þá um næstu skref og frekara samstarf. Hann segir að heimamenn hafi vitanlega sýnt þessu mikinn áhuga.

„Við fundum það alveg að fólk var spennt fyrir þessu og spennt fyrir því að Langanesbyggð yrði fyrir valinu í þessu verkefni."

Sveitarstjórinn segist ekki vera með nákvæmari upplýsingar um hversu langt flaugin fór né tæknilegu atriðin en blaðamaður BBC á svæðinu fullyrti að umrædd flaug hefði lent í sjónum hálfum kílómetra frá skotpallinum. ■

official partner

Langar þig að upplifa Broadway töfra í Disneyland® Paris?

©Disney

Nánar á islandsbanki.is/disney

Mastercard korthafar hjá Íslandsbanka eiga möguleika á að vinna ferð fyrir fjóra á einstakan 30 ára afmælisviðburð í Disneyland® Paris dagana 2.-4. desember. Vinningshafar munu taka þátt í að fagna 30 ára töfrandi sögu Disney söngleikja á Broadway. Að auki mun Mastercard bjóða upp á ýmsar einstakar upplifanir fyrir vinningshafa. Það eina sem þú þarft að gera til að taka þátt er að skrá þig á islandsbanki.is/disney og nota að minnsta kosti eitt Fríðutilboð í október.

Leikskólar landsins eru mjög misvel mannaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Góð mönnun í leikskólum Akureyrar

kristinnhaukur@frettabladid.is

LEIKSKÓLAR Akureyri hefur áberandi flesta starfsmenn leikskóla af 20 fjölmennustu sveitarfélögunum. Hlutfallið var 51,7 stöðugildi á hverja 1.000 íbúa. Í öðru sæti er Akranes með 38,8 stöðugildi.

Af 20 fjölmennustu sveitarfélögunum er mönnunin verst í Suðurnesjabæ.

Þetta kemur fram í svari Ásmundar Einars Daðasonar menntamálaráðherra við fyrirspurn Diljár Mistar Einarsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Af 20 fjölmennustu sveitafélögunum er versta mönnunin í Suðurnesjabæ, aðeins 14,8 stöðugildi.■

Brýn þörf á fleiri svellum í borginni

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Ein af vinsælustu tillögunum á vefnum Betri Reykjavík snýr að því að fá viðbyggingu við Skautahöllina í Laugardal.

Útbreiðslu- og kynningarstjóri Skautasambandsins, Þóra Gunnarsdóttir, segir gríðarlega vöntun á aukinni aðstöðu hjá íþrótt í sókn. „Það er ánægjulegt að heyra að hugmyndin sé að fá þennan meðbyr. Það er ofboðslega mikil vöntun á ís því við gætum verið með mun fleiri iðkendur í ísgreinum."

Þóra nefnir sem dæmi að margir þurfi að æfa eldsnemma morguns en aðrir seint að kvöldi og bendir á þá staðreynd að tvær hallir sinni öllu höfuðborgarsvæðinu. ■

Vel heppnaðri síldarvertíð að ljúka

bth@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR „Við erum að klára norsk-íslensku síldarvertíðina, sem er mikill áfangi, veiðiskapurinn hefur gengið vel," segir Binni í Vinnslustöðinni, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson í Eyjum.

Binni segir að norsk-íslenska síldin veiðist nú að mestu í íslenskri lögsögu. Hún hrygni við Noreg en komi hingað í ætisgöngu. „Við erum búin að veiða 10.000 tonn af 12.000 tonna kvóta.

Við náum að veiða allt sem í boði er, sennilega í næstu viku," segir Binni.

Íslenska síldin er næst á dagskrá, í nóvember að loknu stuttu veiðihléi. Binni segir spennandi að sjá hvar hún muni halda sig. Sýking hafi haft mikil áhrif á veiðarnar í stofninum síðustu 7-8 vertíðir. Ekki alls fyrir löngu hafi veiðst 150.000 tonn en kvótinn um tíma hrunið niður í 25.000.

Það eru vonbrigði hve lítið hefur fundist af loðnu miðað við magnið í fyrra.

„Það eru vonbrigði hve lítið hefur fundist af loðnu miðað við magnið í fyrra en við erum brött, það er enginn vælugír hjá okkur," segir Binni. ■

Efla þurfi öryggi barna í skólunum

Engin viðbragðsáætlun er til í skólum gegn hryðjuverkum. Ráðherra barnamála, Ásmundur Einar Daðason, segir vísbendingar um að mannelska sé á undanhaldi meðal Íslendinga.

bth@frettabladid.is

Frá mótmælum við MH á dögunum en mikil umræða hefur orðið um einelti, ofbeldi og kynferðisbrot. Leita verður allra leiða til að grípa fyrr þau börn sem verða óhamingjusöm og beita ofbeldi að sögn barnamálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SAMFÉLAG Engin aðgerðaáætlun er til í skólum landsins til að bregðast við óvæntri vá svo sem hryðjuverki í grunnskólum.

Umræða er í gangi varðandi hvort herða þurfi öryggisvarnir með hagsmuni skólabarna í huga. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, segir mikilvægt að börn verði gripin sem fyrst ef þau finna til vanlíðunar sem geti brotist út í ofbeldi.

Öryggi barna í grunn- og framhaldsskólum landsins kom ítrekað upp í ræðu sem Ásmundur Einar flutti á fundi í gær þar sem kynnt var breyting á menntastefnu.

Fjórtán ára börn voru gripin með eggvopn um helgina eftir að hafa veist að fólki. Á sama tíma sitja tveir menn í gæsluvarðhaldi vegna gruns um ætlað hryðjuverk.

„Við fengum í síðustu viku gögn frá Embætti landlæknis um að Íslendingar hafi aldrei verið eins óhamingjusamir," segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Við þurfum að taka það alvarlega."

Heiða segir umræðu í gangi um hvort skólar landsins þurfi að taka upp viðbragðsáætlun gegn hryðjuverkum að hætti nágrannalanda.

„Við höfum ekki hugsað áætlanir gegn hryðjuverkum með sama hætti og við erum með virka viðbragðsáætlun gegn jarðskjálftum svo eitt dæmi sé nefnt."

Ásmundur Einar segir að Íslendingar sem þjóð verði að skoða hvaða breytingar séu að verða á samfélagi okkar sem ýti undir ofbeldi. Um það hvort efla þurfi öryggisvarnir í skólum segir ráðherra það til skoðunar, en betra væri að grípa börnin áður en kemur í óefni.

Kannski erum við komin of langt hvert frá öðru, kannski erum við komin of langt frá því að vera mannelsk.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra

Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri Menntamálastofnunar

„Hvers vegna brýst vanlíðan út í þessum efnum?

Sumir hafa talað um aukna netnotkun, aðrir nefna að við höfum fjarlægst hvert annað sem einstaklingar. Kannski erum við komin of langt hvert frá öðru, kannski erum við komin of langt frá því að vera mannelsk," segir Ásmundur sem kynnti róttækar umbætur á menntastefnu og breytingar innan veggja skólanna í gær.

Menntamálastofnun verður lögð niður og hefur Þórdís Jóna Sigurðardóttir verið skipuð forstjóri til að vinna þá vinnu og leiða samhliða nýja stofnun til starfa.

Örlög starfsmanna Menntamálastofnunar eru óljós en þeim verður öllum sagt upp. „Það er metið þannig að þetta sé besta leiðin," segir Þórdís Jóna.

Með boðaðri breytingu ráðherra á menntastefnunni er boðuð ný hugsun og ný nálgun að sögn ráðherra. „Nú er umræðan ekki lengur um menntun fyrir alla heldur hvernig við bætum menntun og skólastarf."

Fréttablaðið spurði Ásmund Einar hvort honum sviði sá ójöfnuður sem væri að finna innan veggja skólanna.

„Mér finnst við geta gert miklu, miklu betur. Ef mér fyndist það ekki værum við ekki að fylgja þessu svona fast eftir," svarar ráðherra.

Hann segir boðaðar breytingar gerðar til að grípa einstaklinga og aðstoða þá sem þurfa á hjálp að halda fyrr með þrepaskiptingu.

Í dag verður fundur þar sem fulltrúar nemenda, skólastjórnendur, kynjasérfræðingar, lögregla og fleiri koma saman vegna viðbragðsáætlunar framhaldsskóla um ofbeldi og einelti. ■

ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

SUZUKI 4X4

ÞAÐ ER ALLTAF SUZUKI VEÐUR

KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ

ACROSS GLX 4X4 HYBRID PLUG IN HYBRID — Verð kr. **9.390.000**

JIMNY 4X4 — Verð kr. **4.590.000**

S-CROSS 4X4 HYBRID STRONG HYBRID — Verð frá kr. **6.540.000**

SWIFT 4X4 — Verð frá kr. **3.850.000**

VITARA 4X4 HYBRID STRONG HYBRID — Verð frá kr. **6.340.000**

IGNIS 4X4 — Verð kr. **4.190.000**

SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.

Suzuki 4x4 fyrir veturinn og öryggið.

ALLGRIP PRO

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Karlar vilji styðja konur á breytingaskeiði en skorti þekkingu

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Kvenheilsa Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins býður nú upp á hóptíma fyrir konur á breytingaskeiði. Í dag er alþjóðadagur breytingaskeiðsins.

Steinunn Zophoníasdóttir ljósmóðir og Sólrún Ólína Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur fara fyrir hóptímunum þar sem fræðslan felst í því að upplýsa konur um þær breytingar sem eiga sér stað í líkama þeirra á breytingaskeiði, einkenni og bjargráð.

„Markmiðið er að efla skilning, valdefla konur og stuðla að bættri heilsu og líðan kvenna á breytingaskeiði," segir Steinunn.

Einnig er boðið upp á paratíma þar sem makar eru hvattir til að mæta með konum sínum. Steinunn segir karla sem vita meira um breytingaskeiðið líklegri til að nálgast það með virðingu og jákvæðni. Rannsóknir sýni að karlar vilji gjarnan styðja konur sínar á breytingaskeiði en hafi ekki nóga þekkingu og viti ekki hvernig þeir eigi að bera sig að.

„Við vonum að karlar og aðrir makar taki þátt þegar þetta spyrst betur út. Breytingaskeið getur reynt á sambönd og það er mikilvægt að standa saman á þessum tíma og efla tengslin," segir Sólrún.

Þá segir Steinunn almenning hingað til ekki vel upplýstan um breytingaskeiðið, síðustu eitt til tvö ár hafi þó orðið mikil vitundarvakning. „Skömm og tabú hefur fylgt því og umræðan ekki verið tekin nægilega langt," segir Steinunn. „Núna er þó mikið um þetta rætt og frætt á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum og konur opnari fyrir að taka umræðuna," bætir Steinunn við. ■

Steinunn Zophoníasdóttir ljósmóðir og Sólrún Ólína Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, fara fyrir hóptímunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BTS er ein vinsælasta hljómsveit heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Popprinsarnir skikkaðir í herinn

kristinnpall@frettabladid.is

SUÐUR-KÓREA Staðfest var í gær að meðlimir suður-kóreska poppbandsins BTS fái ekki undanþágu frá herskyldu. Þeir þurfa því að taka sér tveggja ára hlé frá tónlistinni í lok árs þegar elsti meðlimur bandsins, Jin, verður þrítugur. Vonir standa til að þeir geti snúið sér aftur að tónlistinni árið 2025.

Um árabil hefur verið deilt um hvort BTS fengi undanþágu líkt og margt af fremsta íþróttafólki Suður-Kóreu en því var synjað. ■

Tveir í haldi vegna morðsins á Lolu

kristinnpall@frettabladid.is

FRAKKLAND Franska lögreglan hefur krafist gæsluvarðhalds yfir tveimur einstaklingum í kjölfarið á því að lík tólf ára stúlku, Lolu Daviet, fannst í ferðatösku fyrir utan heimili hennar í Parísarborg fyrir helgi.

Á upptökum úr eftirlitsmyndavélum sést manneskja fylgja stúlkunni inn í íbúðarhúsið sem hún bjó í og stuttu síðar sást önnur manneskja koma með ferðatöskuna í húsnæðið. Franska lögreglan segir að líklega eigi einstaklingarnir við geðræn vandamál að stríða. ■

PCR-próf á ormum á sjávarbotni

Sjálfvirkur kafbátur danska tækniháskólans mun mæla stöðu lífríkisins undir sjókvíum. Verkefnastjóri hjá Matís segir rannsóknina gerða til að auðvelda stýringu á eldissvæðum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÍSINDI Matís hefur brátt viðamikla rannsókn á ástandi sjávarbotnsins undir fiskeldisstöðvum. Er þetta gert með hátæknibúnaði og erfðafræðilegum aðferðum til þess að sjá hversu mikil áhrif lífrænn úrgangur hefur á lífríkið undir kvíunum.

„Við höfum mikinn áhuga á umhverfismálum fiskeldis og erfðafræðilegum aðferðum til að leysa þau," segir doktor Davíð Gíslason, verkefnastjóri hjá fyrirtækinu.

Í hverri kví eru yfir 100 þúsund eldisfiskar og á hverri stöð eru oft um tíu kvíar. Þetta þýðir að yfir milljón fiskar eru á hverri eldisstöð en til samanburðar er heildarfjöldi villta íslenska laxins á bilinu 50 til 60 þúsund fiskar. Eldisstöðvar eru því mjög ónáttúrulegt fyrirbæri og skapa mikið magn lífræns úrgangs. Af þeim sökum þarf að hvíla eldissvæði á milli eldislota til þess að þau nái að komast aftur í sem eðlilegast ástand, ekki ósvipað því þegar bóndi tekur fjóshauginn og ber á túnin.

Davíð segir að verkefnið miði að því að geta á nákvæman hátt stjórnað hvíldartíma. Mikil vinna sé fólgin í að safna sýnum og greina dýrategundir til að leggja mat á líffræðilega fjölbreytni. Slík vinna hafi því eðlilega verið bæði tíma- og mannaflafrek. „Við ætlum að einfalda ferlið með erfðatækni," segir hann.

Matís fékk styrk úr Tækniþróunarsjóði til rannsóknarinnar og er í samstarfi við íslenska fyrirtækið RORUM og danska tækniháskólann, DTU Aqua.

RORUM er rannsókna- og ráðgjafarfyrirtæki og hefur mikla reynslu af rannsóknum á lífríki íslenskra fjarða, ekki síst með tilliti til fiskeldis. Davíð segir RORUM eiga gríðarmikla gagnaseríu um lífríki botns við sjókvíar og því sé samstarf fyrirtækjanna mikilvægt því að RORUM hafi mikla þekkingu á því hvernig lífríkið breytist við aukið lífrænt álag, hvaða tegundum fækkar og hverjum fjölgar. Þetta eru einkum tegundir svokallaðra burstaorma, en það eru ormar sem lifa í miklum fjölda á botninum og bregðast við breyttum umhverfisaðstæðum.

„Þegar þetta líffræðilega álag fer að hafa áhrif á botninn breytist samsetning lífveranna, bæði hvað varðar tegundir sem þar lifa ásamt fjölda einstaklinga í hverri tegund. Þessar breytingar viljum við nema hratt og örugglega" segir Davíð.

Í ár verður fyrst unnið að því að byggja upp gagnagrunn með þeim dýrategundum sem lifa á botni nærri sjókvíum og þróa erfðatæknina. Á næsta ári verður notaður sjálfvirkur hátæknibúnaður, hálfgert vélmenni, sem er í eigu DTU til að hefja mælingar undir kvíum. Vélmennið síar sjóinn og einangrar erfðaefnið til þess að gera mælingarnar.

„Vélmennið getur gert PCR-próf í sjónum, svipað og prófin sem eru notuð til þess að greina Covid," segir Davíð. Verður einkum horft til fimm tegunda burstaorma í rannsókninni. Það sé nægilegur fjöldi til að segja til um ástand sjávarbotnsins í heild enda byggir val ormanna á áratugalöngum rannsóknum og vöktunum RORUM vegna fiskeldis.

Eins og áður segir er stefnt að því að rannsóknin taki þrjú ár. Davíð segir að þegar niðurstöðurnar liggi fyrir nýtist þær sem tæki fyrir stjórnvöld til að vakta áhrif fiskeldis og ekki síst fyrir fyrirtækin sem bera ábyrgð á því að stýra framleiðslunni. ■



Vélmennið sem mun safna sýnum undir sjókvíunum. MYND/MCLANELABS

Íranir brjóti gegn samningum

odduraevar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Bretar og Frakkar segja Íran hafa brotið gegn kjarnorkusamningi sínum við Vesturlönd frá 2015 með sölu á sjálfsmorðsdrónum til Rússa. Drónarnir hafa valdið miklu tjóni og mannskaða í úkraínskum borgum undanfarna daga.

Úkraínsk stjórnvöld skoruðu í gær á ESB að beita refsiaðgerðum gegn írönskum stjórnvöldum fyrir að útvega Rússum vopnin. Sjálfir þvertaka Íranir fyrir söluna en sérfræðingar á vegum Úkraínumanna segja augljóst að um sé að ræða íranska tækni.

Drónunum var meðal annars flogið inn í íbúðarhús í Kænugarði í fyrrinótt. Áður höfðu rússnesk stjórnvöld sagt að ekki yrðu frekari árásir gerðar á úkraínskar borgir eftir eldflaugaárásir í síðustu viku. ■

» Talið er að hver dróni kosti um tuttugu þúsund dali eða um tæplega 2,9 milljónir íslenskra króna.

Gerum gagn

Sendum hlýju frá Íslandi

Hægt er að skila sokkum fyrir 31. október í eftirfarandi verslunum og bensínstöðvum:

Höfuðborgarsvæðið
Handprjónasambandið Borgartúni 31
Krónan Lindir
Krónan Grandi
Krónan Mosfellsbær
Krónan Skeifan
Krónan Akrabraut
Krónan Norðurhella
Krónan Flatahraun
Iceland Engihjalla
N1 Hringbraut
N1 Borgartúni
N1 Ártúnshöfða
N1 Mosfellsbæ
N1 Lækjargötu Hafnarfirði
Nettó Miðvangi Hafnarfirði
Nettó Granda
Nettó Sunnukrika Mosfellsbær

Landsbyggðin
Kjörbúðin Blönduós
Kjörbúðin Dalvík
Kjörbúðin Þórshöfn
Kjörbúðin Neskaupsstað
Kjörbúðin Fáskrúðsfirði
Kjörbúðin Djúpavogi
Nettó Krossmói Reykjanesbæ
Nettó Grindavík
Nettó Borgarnes
Nettó Selfoss
Nettó Ísafirði
Nettó Hrísalundi Akureyri
Nettó Egilsstöðum
Nettó Höfn í Hornafirði
N1 Egilsstöðum
N1 Húsavík
N1 Leiran Akureyri
N1 Blönduós
N1 Borgarnes
N1 Hveragerði
Krónan Akranes
Krónan Vestmannaeyjar
Krambúðin Hólmavík
Krambúðin Búðardal
Krambúðin Akranes
Krambúðin Laugarvatn
Krambúðin Flúðir
Krambúðin Reykjahlíð
Dalakofinn, Laugar Þingeyjasveit

sendumhlyju.is

Gagnrýn hugsun

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Um leið og aðgengi að upplýsingum hefur aldrei verið betra er upplýsingaóreiða ein stærsta ógnin sem að okkur steðjar. Þeir sem hafa fjármagn til að verja slæman málstað og eiga hagsmuna að gæta, hika ekki við að setja hættulegar maskínur af stað.

Í huga margra er hugtakið falsfréttir flokkað í sama hólf og fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, Donald Trump, og samfélagsmiðlar – en það er engin nýlunda að mikilvægum upplýsingum sé haldið frá almenningi – og reynt sé að rugla þá í ríminu svo stórfyrirtæki geti haldið áfram að maka krókinn.

Í dag er það almenn vitneskja að tóbaksframleiðendur vissu vel um skaðsemi reykinga, þær staðreyndir voru aftur á móti slæmar fyrir viðskiptin og því ekki aðeins haldið frá almenningi heldur hann markvisst afvegaleiddur. Það sama má jafnvel segja um áfengis- og sykurframleiðendur í dag og ekki síður þá sem framleiða gervisætu en sífellt fleiri gögn um skaðsemi þessara efna eru að koma fram, sem og vísbendingar um þöggun.

Enn alvarlegri fyrir okkur öll, og það sem snýr ekki aðeins að einstaklingnum, heldur heildinni, er umræðan um loftslagsvána sem vísindamenn hafa lengi varað við.

Á dögunum kom út bókin Petroleum Papers, þar sem Geoff Dembicki birtir hundruð trúnaðarskjala því til sönnunar að olíufyrirtæki hafi logið að almenningi áratugum saman og þannig komið í veg fyrir að tekið væri almennilega á vandanum þá þegar.

Í bókinni er greint frá því hvernig amerísk olíufyrirtæki virtu að vettugi viðvaranir um loftslagsvandann allt frá árinu 1959. Fyrirtæki á við Shell, Exxon og Koch stóðu að herferðum sem höfðu það markmið að dreifa fölskum upplýsingum, og sá efasemdum um þær alvarlegu upplýsingar sem fyrir lágu.

Þessi sömu fyrirtæki lögðu gríðarlegt landsvæði í Alberta-fylki í Kanada undir olíusandvinnslu. Svæði sem í dag býr yfir þriðja stærsta olíuforða heims og gaf olíuráð Bandaríkjanna út skýrslu fyrir tíu árum þar sem ýmsar áhyggjur af olíuvinnslu á jarðbikssvæðum eru viðraðar. Gríðarleg vatnsnotkun er nauðsynleg vinnslunni og röskun á dýralífi og jarðvegseyðing er áhyggjuefni auk þess sem frárennslisefni blandast við vatnskerfi svæðisins.

Gagnrýn hugsun hins almenna neytanda hefur aldrei verið mikilvægari.

Að taka upplýsingum sem yfir okkur flæða sem gefnum er ekki aðeins heimskulegt – heldur beinlínis hættulegt. ■

> Að taka upplýsingum sem yfir okkur flæða sem gefnum er ekki aðeins heimskulegt – heldur beinlínis hættulegt.

Halldór



Frá degi til dags

odduraevar@frettabladid.is

Ný Ekki-Menntamálastofnun
Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, kynnti í gær að Menntamálastofnun yrði lögð niður. Hennar í stað verður sett á fót önnur stofnun, sem ekki hefur fengið nafn. Sú stofnun á að tryggja gæði menntunar og aðgengi allra nemenda, foreldra og starfsfólks skóla að samþættri, heildstæðri skólaþjónustu á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, að sögn Ásmundar. Öllu starfsfólki er sagt upp enda er hlutverki stofnunarinnar gjörbreytt að ráðherrans sögn. Gárungum hefur þegar dottið í hug nýtt nafn fyrir stofnunina. Ekki-Menntamálastofnun. Eða hvað?

Sinna starfinu
Hrós fá starfsmenn Menntamálastofnunar sem svara fyrirspurnum fjölmiðla um leshraðakannanir þrátt fyrir að þeim hafi verið tilkynnt hálftíma áður að þeim verði brátt sagt upp störfum vegna nýrrar stofnunar sem senn verður stofnuð. Blaðið greindi í gær frá grátandi foreldrum og börnum með kvíðahnút í maganum vegna leshraðaprófa. Bráðum atvinnulaust starfsfólk svaraði fyrirspurn um hæl. Það er víst ekki algilt að starfsfólk stofnana hafi yfir höfuð fyrir því að svara fyrirspurnum fjölmiðla sem varða hagsmuni almennings. ■

Við höfum ekki efni á fátækt

Halldóra Mogensen
formaður þingflokks Pírata

Við vitum öll hvaða áhrif fátækt hefur á fólk. Líf fátækra einkennist af miklu álagi, vanlíðan og niðurlægingu, sem grefur undan andlegri og líkamlegri heilsu. Fátækt getur einnig haft langvarandi áhrif á börn, því þroski fyrstu áranna leggur grunninn að heilsu þeirra til framtíðar. Þess vegna er mikilvægt að tryggja börnum bestu mögulegu byrjunina í lífinu.

Við vitum að þúsundir barna á Íslandi lifa við fátækt. Áætlað er að rúmlega tólf prósent íslenskra barna eigi á hættu að búa við fátækt. Einu af hverjum tíu börnum í okkar velmegunarsamfélagi er neitað um lífsskilyrði og tækifæri sem öðrum börnum bjóðast, bara vegna fjárhagsstöðu foreldranna.

Stærsta orsök fátæktar er að fólk á ekki nægilega mikla peninga. Besta leiðin til að leysa þetta vandamál er einfaldlega að tryggja að fátækt fólk eigi meiri peninga. Þetta vitum við. En samt finna stjórnvöld endalausar réttlætingar fyrir því að viðhalda fátækt fólks.

Algengasta réttlætingin er að það sé svo dýrt að afnema skerðingar, hækka bætur og tryggja að fólk eigi í sig og á – en það sem fylgir sjaldnast umræðunni er kostnaðurinn sem fylgir því að gera það ekki. Það er nefnilega afar kostnaðarsamt fyrir samfélagið að leyfa fátækt að viðgangast.

Nú hef ég fengið skýrslubeiðni samþykkta á Alþingi þar sem samfélagslegur kostnaður fátæktar verður kannaður til hlítar. Skýrslubeiðnin verður vonandi til þess að við hættum að tala um aukið fjármagn til velferðarmála sem útgjöld. Að uppræta fátækt er fjárfesting í fólki og samfélaginu sem skilar sér margfalt til baka.

Við þurfum að tryggja efnahagslegt öryggi fólks með auknum beinum framlögum og með því að draga úr skerðingum og skilyrðum í bótakerfinu. Svo þurfum við að hætta að tala um bætur. Þetta er arður, sjálfsagður hluti okkar í sameiginlegri velmegun samfélagsins. ■

> Áætlað er að rúmlega tólf prósent íslenskra barna eigi á hættu að búa við fátækt.

LÍFIÐ EÐA AÐ LIFA DAUÐANN AF OG LÍKA VERKFÖLLIN
SÝNUM LIT
KAUPUM BLEIKU SLAUFUNA
á bleikaslaufan.is og á sölustöðum um allt land 1. – 20. október
Krabbameinsfélagið

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Evrópuráðið um siðferðilegt hlutverk menntastofnana

Henry Alexander Henrysson
heimspekingur

Í huga flestra eiga skólar að vera nokkurs konar griðastaður þar sem reynt er að halda á lofti gildum og siðferðilegum verðmætum sem efla og ýta undir þroska nemenda. Skiptir þá litlu máli hvaða skólastig um er rætt. Öll eiga þau sér vissulega sína sérstöðu en í grunninn eru það þó sameiginleg stef sem eiga að vera leiðarljós í öllu skólastarfi.

Því miður er það svo á heimsvísu að víða eiga þessi sameiginlegu stef erfitt með að brjótast fram. Menntakerfi um allan heim eru gríðarlega stór iðnaður þótt í grunninn eigi starfið að snúast um eitthvað allt annað en framleiðslu. En fjármagnið sem fer í gegnum skólakerfi, hvort sem það er opinbert eða ekki, gerir það því miður að verkum að spilling getur skotið þar rótum.

Það er ekki einungis í skólastarfinu sjálfu og námi nemenda sem slík spilling fær þrifist. Utan skólanna sjálfra höfum við séð spretta upp fyrirtæki sem bæði bjóða upp á falsaðar háskólagráður og snöggsoðnar ritgerðir handa nemendum um allt milli himins og jarðar. Og gjaldið sem fólk getur greitt til að komast hjá því að leggja sig fram við nám stefnir stöðugt niður á við. Það getur einfaldlega verið ódýrara að svindla heldur en að ljúka námi á heiðarlegan máta.

Ég hef verið fulltrúi Íslands í mörg ár í verkefni á vegum Evrópuráðsins þar sem reynt hefur verið að finna leiðir til að berjast gegn þessari þróun (ETINED, Council of Europe Platform on Ethics, Transparency and Integrity in Education). Hvatinn bak við þetta starf er ekki síst sá að það sé spurning um mannréttindi að útskrifaðir nemendur fái að njóta erfiðis síns. Ef traust til menntastofnana í vissum löndum er farið er lítil von til þess að tekið sé mark á prófskírteinum þaðan. Síðastliðið sumar samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins á grundvelli vinnu ETINED tilmæli sem hvetja aðildarlönd til þess að taka þessi mál alvarlega og bregðast við. Í tilmælunum er farið yfir helstu áskoranir í samtímanum og bent á lausnir og viðbrögð við þeim. Má segja að tilmælin séu nokkurs konar vitundarvakning.

Vonandi munu tilmælin verða þýdd yfir á íslensku fljótlega og verða tilefni til slíkrar vitundarvakningar hér á landi. Auðvitað erum við betur stödd en mörg lönd hvað varðar traust til menntakerfisins. Almenningur á Íslandi ber traust til skóla og íslenskir nemendur geta auðveldlega nýtt sér prófskírteini sín til að komast í nám um allan heim. En það má þó ekki sofna á verðinum, sérstaklega ekki á tímum þegar menntastofnanir og umhverfi þeirra eru að taka gríðarlegum breytingum.

En hvað ætti skólafólk á Íslandi að hafa í huga þegar tilmæli Evrópuráðsins eru lesin? Ég myndi hvetja það til að huga að þrennu. Í fyrsta lagi að vera á verði. Það sem hefði kannski þótt fjarstæðukennt fyrir nokkrum árum er það ekki lengur í dag. Einfalt fyrirbæri eins og það hversu auðvelt er að verða sér úti um ritgerð á netinu er mikið áhyggjuefni, til að mynda vegna þess að sífellt fleiri námskeið á æðri námsstigum eru kennd á öðru tungumáli en íslensku. Tilmælin rekja fleiri slík atriði sem mikilvægt er að vera á varðbergi gagnvart.

Þá er einnig mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að vera hreinskilið við sig sjálft og gæta að því hvort þau gildi sem við viljum sjá í skólastarfi séu ávallt höfð í hávegum. Gæðamál eru vissulega tekin mjög alvarlega á Íslandi, en er mögulegt að hluta þeirra sé sinnt á ófullnægjandi hátt því við höldum að við séum ónæm fyrir alþjóðlegum straumum í okkar litla samfélagi?

Að lokum vil ég nefna að við Íslendingar þurfum stöðugt að gæta að siðferðilegu hlutverki skóla. Dæmi um spillingu erlendis sýna að það sem bjó í haginn fyrir hana var að fólk hélt að það væri í lagi að gera undantekningar og láta undan þrýstingi hagsmunaafla. Þannig hefur molast úr heilindum skólanna. Það eru til ýmsar leiðir til að minna sig á hvaða viðmið það eru sem ekki má hvika svo auðveldlega frá. Mörg lönd sem tengjast Evrópuráðinu hafa til dæmis undanfarið, og ekki síst í ljósi vinnu ETINED, farið þá leið að skrá siðareglur fyrir skólakerfið. Á Íslandi þekkjum við þá leið ágætlega og erum vel á veg komin með slíka skráningu. Tilmæli Evrópuráðsins gætu hins vegar orðið okkur tilefni til að ræða hvort við tökum siðareglurnar nægilega alvarlega. ■

Jesús sagði:
„Gangið inn um þrönga hliðið ... Hve þröngt er það hlið og mjór sá vegur er liggur til lífsins og fáir þeir sem finna hann.“
Matt. 7.13-14
biblian.is

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ásgeir Halldórsson

framkvæmdastjóri,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 12. október.
Útförin fer fram frá Seljakirkju þann 21. október klukkan 13.00.

Elín Fanney Guðmundsdóttir
Kristín Ásgeirsdóttir **Haukur Már Ólafsson**
Gunnlaugur Ásgeirsson **Sigurrós Ásta Sigurðardóttir**
Arndís Halla Ásgeirsdóttir
Margrét Ásgeirsdóttir
Ágúst Hilmisson
Arnaldur Hilmisson **Þorgerður Pálsdóttir**
Hlíf Hilmisdóttir **Jóhann Hólm Kárason**
barnabörn og barnabarnabarn

Elskuleg eiginkona mín, mágkona, systir og móðursystir,

Kristín Þorfinnsdóttir

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi þann 8. október.
Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 21. október kl. 14.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar: www.lions.is/is/minningarkort.

Kristinn Pálsson
Ragnar Pálsson **Herborg Anna Magnúsdóttir**
Skúli Valtýsson
Þorfinnur Skúlason **Kristrún Halla Helgadóttir**
Halldóra Skúladóttir **Erlendur Stefánsson**
Hjördís Þorfinnsdóttir **Agnar Pétursson**
og fjölskyldur

Áttatíu ár frá stjórnarkreppunni miklu

Ríkisstjóri neyddist til þess að mynda ríkisstjórn utan þings vegna þess að flokkarnir gátu það ekki. Deilan var hatrömm og persónuleg.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Utanþingsstjórnin sat í tvö ár en gekk brösuglega. MYND/STJÓRNARRÁÐIÐ

Áttatíu ár eru frá einni mestu stjórnarkreppu Íslandssögunnar. Svo mikil var hún að skipuð var ríkisstjórn utan þings sem sat í tvö ár. Síðan þá hafa forsetar notað fordæmið sem vönd.

„Þetta var eitt af flóknustu árum íslensku stjórnmálasögunnar. Flokkarnir gáfust upp á því að mynda stjórn," segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Þann 18. október voru haldnar aðrar alþingiskosningar þess árs, eftir að kosningakerfinu hafði verið breytt, þéttbýlinu í vil. Framsóknarmenn voru reiðir því þeir töldu sig svikna af Sjálfstæðismönnum, sem höfðu lofað að breyta ekki kosningakerfinu, hið svokallaða eiðrofsmál. En þeir höfðu setið saman í hinni svokölluðu þjóðstjórn frá upphafi stríðsins, ásamt Alþýðuflokksmönnum sem fóru úr stjórninni í illindum en buðu Sjálfstæðismönnum að breyta kosningakerfinu.

„Úr þessu urðu gríðarleg og persónuleg illindi milli leiðtoga þessara flokka," segir Gunnar og á við Ólaf Thors, formann Sjálfstæðisflokksins, og Hermann Jónasson, formann Framsóknar. „Þetta hafði áhrif á samstarf flokkanna í áratugi," segir hann.

Í kosningunum hlutu Sjálfstæðismenn 20 þingmenn, Framsókn 15, Alþýðuflokkur 7 og Sósíalistar 10. Sósíalistar þóttu ekki stjórntækir og ekkert gekk að mynda stjórn.

Eftir tvo mánuði skipaði Sveinn Björnsson ríkisstjóri loks utanþingsstjórn undir forsæti Björns Þórðarsonar lögmanns. Fjórir aðrir ráðherrar voru skipaðir, utan þings, og var stjórnin því kölluð utanþingsstjórnin.

„Þetta gekk alls ekki vel því stjórnmálaflokkarnir voru ákaflega ósáttir við að ríkisstjóri skyldi fara þessa leið," segir Gunnar. „Þetta átti sérstaklega við um Sjálfstæðismenn sem margir kusu ekki Svein í forsetakosningunum tveimur árum síðar."

Stjórnin sat hins vegar í tvö ár því að enginn annar valkostur var á borðinu. Alger aðskilnaður var milli framkvæmda- og löggjafarvaldsins. „Stjórninni gekk mjög illa að koma málum í gegnum þingið og landið bjó ekki við sterkt stjórnarfar á þessum árum," segir Gunnar.

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

Ergo Medic

TILBOÐSVERÐ
169.900 kr.

LISTAVERÐ
249.900 kr.

EINU STÓLARNIR MEÐ
Dondola
360°
VELTITÆKNI

Sitjum á hreyfingu!

Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki.

Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar.

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

2020 2022 Framúrskarandi fyrirtæki

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.00 Vísindin og við Vísindin og við er þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Matur og heimili (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2014-2015 Reykjavík - Reykjanesbær.
14.40 92 á stöðinni
15.05 Með okkar augum
15.35 Kiljan
16.15 Meistarinn - Theodor Kallifatides
16.40 Íslendingar Rúnar Júlíusson.
17.35 Menningarvikan
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Bakað í myrkri
18.30 Litlir uppfinningamenn
18.38 Áhugamálið mitt
18.45 Krakkafréttir Helstu fréttir settar fram á einfaldan hátt.
18.50 Lag dagsins Sverrir Bergmann - Þar sem hjartað slær.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Kveikur
20.35 Viðtalið: Hákon krónprins Noregs Gestur Viðtalsins að þessu sinni er Hákon krónprins Noregs. Í þættinum er rætt við hann um norðurslóðir, umhverfismál, sjálfsmynd Norðmanna og margt fleira er hann tók þátt í þingi Hringborðs Norðurslóða.
21.05 Trúður Klovn
21.35 Heimurinn er minn Verden er min
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Baptiste Baptiste
23.15 Konunglegt leyndarmál En kunglig affär
00.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.00 Dr. Phil
12.40 The Late Late Show
13.25 Love Island Australia
14.15 Survivor
14.55 The Block
17.00 90210
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Love Island Australia
20.10 A Million Little Things
21.00 CSI. Vegas
21.50 4400
22.35 Joe Pickett
23.25 The Late Late Show
00.10 Love Island Australia
01.00 FBI. International
01.45 Chicago Med
02.30 Transplant
03.15 Yellowjackets
04.15 Queen of the South
05.00 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Jamie's Easy Meals for Every Day
09.45 Impractical Jokers
10.05 Best Room Wins
10.45 Ireland's Got Talent
12.15 30 Rock
12.35 Nágrannar
12.55 The Great British Bake Off
13.55 Curb Your Enthusiasm
14.30 Grey's Anatomy
15.10 Wipeout
15.50 Supergirl
16.30 The Masked Singer
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Shark Tank
19.50 Masterchef USA
20.30 The Goldbergs
20.55 Bump
21.25 I'm Coming Hin 17 ára Ester er ósýnileg, gagnvart skólafélögunum, kennurunum og það sem skiptir mestu, hjá öllum strákunum.
22.15 Unforgettable
22.15 Last Week Tonight
23.00 Monarch
23.40 Swimming with Sharks
00.05 Prodigal Son
00.45 Silent Witness
01.40 The Mentalist
02.20 Best Room Wins
03.00 30 Rock
03.20 Curb Your Enthusiasm Larry David snýr hér aftur í þessum óborganlegu gamanþáttum.

Veiðihúsið Fossgerði við Selá heimsótt.

Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld. Sjöfn Þórðar heimsækir veiðihúsið Fossgerði við Selá á Austurlandi. Selá er ein þekktasta laxveiðiá landsins. Aðbúnaður er allur eins og hann getur best orðið við veiðiá. Nýlegt og stórglæsilegt veiðihús stendur við ána og er það með öllum þægindum eins og á góðu fimm stjörnu hóteli.

Krossgáta



LÁRÉTT
1 veifa
5 hvíla
6 átt
8 málaleitun
10 átt
11 máleining
12 skiki
13 keppni
15 reiknirit
17 gúbba

LÓÐRÉTT
1 aflaga
2 blunda
3 miski
4 samtíða
7 snerting
9 dálitlu
12 æsa
14 hjartardýr
16 íþróttafélag

LÁRÉTT: **1** blaka, 5 rúm, 6 nv, 8 erindi, 10 na, 11 orð, 12 skák, 13 leik, 15 algrím, 17 gæra.
LÓÐRÉTT: **1** brengla, 2 lúra, 3 smi, 4 andrá, 7 viðkoma, 9 nokkru, 12 siga, 14 elg, 16 ir.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Hilmir Freyr Heimisson (Breiðabliki) átti leik gegn Héðni Steingrímssyni (Breiðabliki) í Kvikudeild Íslandsmóts skákfélaga.

16.Rxf7!! Kxf7 (16...Dd7!) 17.Db3+ Kg6 18.f5+ Kh6 19.Hf4 Dd7 20.Hh4+ Kg5 21.Rf4 g6 22.fxg6 hxg6 23.Dg8 Dg7 24.Dd5+ Re5 25.Rh3+ Kf6 26.dxe5+ Hxe5 27.Hf4+ 1-0. Víkingaklúbburinn og Taflfélag Garðabæjar eru á toppnum eftir fyrri hlutann.

www.skak.is: Íslandsmót skákfélaga.

Sudoku

	4			9				7
5		8		1	7			9
6						8		
7	8		5				3	
3			4		2			
2								
			3		6	9	8	
			9	5				
	5	3		8	1	2	6	

								1
			7	9				8
		5	3		6			
				5		3	1	9
	8				9	7		
		1	2		3		5	
	3			2			8	
9						4		
1		2	8					6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Kyrrðin fæðist í kjölfar hljóðsins

Beltone **Imagine**™ – *hágæða heyrnartæki*

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Loftsteinn í íslenskt menningarlíf

Á sýningunni Geómetríu í Gerðarsafni er íslensk abstraktlist 6. áratugarins skoðuð í nýju samhengi. Sérstaklega er einblínt á hlut kvenna sem voru í innsta kjarna hreyfingarinnar.

tsh@frettabladid.is

Sýningarstjórar Geómetríu eru Brynja Sveinsdóttir, safnstjóri Gerðarsafns, og Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneignar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sýningin Geómetría var opnuð nýlega í Gerðarsafni en um er að ræða yfirlitssýningu á verkum 22 listamanna sem voru í forsvari listhreyfingarinnar geómetríu sem kom eins og „loftsteinn inn í íslenskt menningarlíf í upphafi sjötta áratugarins og olli straumhvörfum í listalífi þjóðarinnar“, eins og segir í sýningartexta. Sýningarstjórar eru Brynja Sveinsdóttir, safnstjóri Gerðarsafns, og Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneignar.

Brynja: „Þetta er tímabil sem stendur safninu ansi nærri því Gerður Helgadóttir er ein af þeim listakonum sem eru þarna í innsta kjarna. Okkur þótti spennandi að taka þetta fyrir, því þetta er tímabil sem er mjög nútímalegt og á í miklu samtali við samtímann.“

Brynja segir tímabilið sem um ræðir vera sérstaklega spennandi vegna tveggja meginþátta.

Brynja: „Annars vegar, þá er þetta eiginlega í fyrsta skipti í íslenskri listasögu þar sem íslenskir listamenn detta allt í einu í takt við alþjóðlegar hreyfingar. Þeir verða bara algjörlega samstíga því sem er að gerast í framúrstefnu í París og Evrópu. Hins vegar, að innan íslensku hreyfingarinnar verður sú sérstæða að konurnar eru ansi áberandi, sem var ekki endilega alþjóðlega. Það er eitthvað sem við ákváðum að vinna svolítið með, að lyfta upp konunum á þessari sýningu.“

Cecilie: „Í staðinn fyrir að segja þessa línulegu frásögn sem oft hefur verið sögð á svona sögulegum sýningum vildum við reyna að gefa glefsur og skapa sjónrænar tengingar á milli listamannanna.“

Konur í kjarna hreyfingarinnar

Á sýningunni má sjá verk átta listakvenna sem sumar voru mjög áberandi í íslenskri og evrópskri framúrstefnu 20. aldar. Þær Ásgerður Búadóttir, Eyborg Guðmundsdóttir, Gerður Helgadóttir, Guðmunda Andrésdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Málfríður Konráðsdóttir, Nína Tryggvadóttir og Vala Enard Hafstað.

Þótti sérstakt þá að konur væru áberandi í framúrstefnulist?

Cecilie: „Nefnilega alls ekki. Þær ná einhvern veginn að verða kjarninn í þessum breytingum sem geómetrían endurspeglar. Nína Tryggvadóttir, Gerður Helgadóttir og Vala Enard eru búsettar í París á þessum tíma og Gerður var svolítið aðdráttarafl íslenskra listamanna þar. Hún bauð íslenskum listamönnum að koma út og sýna með sér og hélt sömuleiðis sýningar heima á Íslandi. Af því Gerður var með svo sterkt tengslanet við erlenda listamenn þá hefur hún svolítið náð að draga athygli að íslenskum listamönnum úti, sem er skemmtilegt.“

Geómetría sem hreyfing var mest áberandi á árunum 1950–60 og var andsvar við ríkjandi listrænni fagurfræði þess tíma.

Brynja: „Þetta er móderníst hreyfing sem sprettur upp sem andsvar við fyrri skipan myndlistar og kannski sem einhvers konar antítesa við fagurfræði 19. aldar og raunsæinu. Þetta sprettur upp sem leit að nýjum tjáningarmáta, eins og expressjónisminn. Þetta er leit að því hvernig þú tjáir einhvern innri heim og hugsun frekar en að vísa í raunheiminn.“

Þriggja ára rannsóknarverkefni

Sýningin Geómetría er haldin samhliða útgáfu bókarinnar Abstrakt geómetría á Íslandi 1950–1960 sem Veröld gefur út. Að bókinni stendur Knútur Bruun en ritstjóri hennar er Ólafur Kvaran auk þess sem hún inniheldur texta eftir Ásdísi Ólafsdóttur og Sjón.

Brynja: „Þetta eru tvær sjálfstæðar einingar sem styðja hvor aðra. Við vorum meðvitaðar um að sýningin myndi þróast sjálfstætt í sína átt en auðvitað eru líka margir snertifletir þarna á milli.“

Gerðarsafn hefur þá sérstöðu að vera safn tileinkað Gerði Helgadóttur og að sögn sýningarstjóra er sýningin hluti af þeirri vegferð safnsins að setja listamanninn Gerði í nýtt samhengi í samtali við bæði eldri og yngri listamenn.

Cecilie: „Við erum að sinna rannsókn á verkum Gerðar Helgadóttur og þetta hefur verið okkar fyrsta þrep í þeirri rannsókn, að skoða Gerði í hennar samtíma umkringda hennar samtímamönnum. Þetta er áframhaldandi verkefni sem fékk þriggja ára öndvegisstyrk úr Safnasjóði.“ ■

sjá nánar á frettabladid.is

Natasha S. fær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2022

tsh@frettabladid.is

Natasha S. ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Hauki Ingvarssyni, Eyþóri Árnasyni og Guðrúnu Sóleyju úr dómnefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ljóðskáldið Natasha S. hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handrit bókarinnar Máltaka á stríðstímum sem kom út samhliða afhendingunni á vegum Unu útgáfuhúss. Er þetta í fyrsta sinn sem rithöfundur af erlendum uppruna hlýtur þessi virtu bókmenntaverðlaun.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti Natöshu verðlaunin við hátíðlega athöfn í Höfða í gær og sagði að Natasha væri vel að verðlaununum komin.

„Það er ánægjulegt að ljóðskáld af erlendum uppruna sé að hljóta verðlaunin í fyrsta sinn. Í ljóðum sínum segir Natasha S. á áhrifamikinn hátt frásögn manneskju sem fylgist úr fjarlægð með stríðsrekstri í heimalandi sínu Rússlandi gegn nágrannaríkinu Úkraínu. Átakanleg frásögn sem um leið dregur fram sláandi andstæður,“ sagði Dagur.

Alls bárust 62 óbirt ljóðahandrit í samkeppnina í ár, handrit eru send inn undir dulnefni og aðeins umslagið með nafni verðlaunahafans opnað. Reykjavík bókmenntaborg UNESCO hefur umsjón með verðlaununum og í dómnefnd sátu Guðrún Sóley Gestsdóttir formaður, Haukur Ingvarsson og Eyþór Árnason.

Í umsögn dómnefndar er Máltaka á stríðstímum sagt vera „áhrifamikið verk, brýnt og einstakt í sinni röð.“

„Það er frásögn manneskju sem fylgist með stríði í heimalandi sínu úr fjarlægð. Hennar eigin þjóð – Rússar – hervæðist og ræðst inn í Úkraínu. Andstaða höfundar við stríðsreksturinn vekur margslungnar tilfinningar og spurningar sem glímt er við í bókinni. Þrátt fyrir átakanleg efnistök einkennist framsetning af lipurð og djúphygli,“ segir í umsögn.

> **Andstaða höfundar við stríðsreksturinn vekur margslungnar tilfinningar og spurningar sem glímt er við í bókinni.**
>
> Úr umsögn dómnefndar Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar 2022.

Natasha S. flutti til Íslands frá Rússlandi árið 2012. Hún er menntuð í blaðamennsku og íslensku og hefur skrifað greinar um Ísland auk þess að þýða íslenskan skáldskap yfir á rússnesku. Árið 2016 útskrifaðist hún frá Háskóla Íslands með BA-gráðu í íslensku sem annað mál, með sænsku sem aukagrein. Hún ritstýrði safnritinu Pólífónía af erlendum uppruna sem kom út í fyrra og var auk þess einn höfunda þess. Þá er hún annar tveggja ritstjóra greinarsafns sem Bókmenntaborgin í Reykjavík gefur út á næsta ári. Máltaka á stríðstímum er fyrsta ljóðabók Natöshu S. ■

Eliza Reid, forsetafrú Íslands, og Jenni Haukio, forsetafrú Finnlands. MYND/AÐSEND

Forsetafrúr ræða um bókmenntir

tsh@frettabladid.is

Norræna húsið stendur fyrir bókmenntasamtali á miðvikudag með frú Elizu Reid, rithöfundi og forsetafrú Íslands, og frú Jenni Haukio, ljóðskáldi og forsetafrú Finnlands.

Þar munu forsetafrúrnar tvær ræða hvernig bókmenntir geta mótað sjálfsmynd og þjóðerniskennd. Auk þeirra munu rithöfundarnir Eiríkur Örn Norðdahl og Gerður Kristný sitja umræðurnar. Stjórnandi viðburðarins er Sabina Westerholm, forstöðumaður Norræna hússins.

„Ísland og Finnland eiga hvort um sig ríkan bókmenntaarf, allt frá þjóðsögum og sögum, frá Kalevala og öðrum epískum ljóðum til norrænna samtímabókmennta. Að hve miklu leyti hafa bókmenntir mótað þjóðerniskennd okkar og hvernig skilar sú sjálfsmynd sér inn í framtíðina?“ segir í tilkynningu frá Norræna húsinu.

Viðburðurinn fer fram í Norræna húsinu í Reykjavík, miðvikudaginn 19. október kl. 10.20 og verða umræður á ensku. Aðgangur er ókeypis og verður gestum boðið upp á létta hressingu að viðburði loknum. ■

Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson tóku við verðlaununum. MYND/AÐSEND

Mengi hlaut heiðursverðlaun

tsh@frettabladid.is

Tónleikastaðurinn Mengi hlaut Heiðursverðlaun Norræna tónskáldaráðsins sem afhent voru í Ráðhúsi Reykjavíkur í liðinni viku. Þórunn Gréta Sigurðardóttir, formaður Tónskáldafélags Íslands, afhenti tónlistarfólkinu Ólöfu Arnalds, meðstofnanda Mengis, og Skúla Sverrissyni, listrænum stjórnanda, verðlaunin. „Þessi verðlaun eru okkur mikil hvatning til að halda áfram okkar hugsjónastarfi í þágu nýrrar íslenskrar tónlistar sem við höfum haldið úti í nærri tíu ár,“ segir Guðmundur Ari Arnalds hjá Mengi.

Í ræðu sinni stiklaði Þórunn Gréta á stóru um árangurinn af óhagnaðardrifinni starfsemi Mengis en staðurinn hefur síðan 2013 haldið ríflega 2.000 tónlistarviðburði þar sem stærstur hluti innkomunnar hefur runnið beint til listamanna. Hún kom einnig inn á að margar nýjar hugmyndir og tónverk sem fæðst hafa í Mengi hafi í framhaldinu fengið mikla viðurkenningu bæði hér heima og á alþjóðavettvangi.

Á meðal listamanna sem spilað hafa í Mengi eru Gyða Valtýsdóttir, Magnús Jóhann, Hildur Guðnadóttir, Tumi Árnason, Ólafur Arnalds og Una Sveinbjarnardóttir. ■

Neysla, rótleysi, einmanaleiki

BÆKUR

Breytt ástand
Höfundur: Berglind Ósk
Fjöldi síðna: 157
Útgefandi: Sögur útgáfa

Brynhildur Björnsdóttir

Berglind Ósk sendir hér frá sér sitt fyrsta smásagnasafn en áður hafa komið út eftir hana ljóðabækurnar Berorðað og Loddaralíðan. Í safninu eru nítján sögur sem eiga það allar sameiginlegt að í þeim er tekist á við breytt ástand með einhverjum hætti. Annaðhvort verður atburðurinn sem breytir ástandinu í sögunni eða um hann er fjallað í endurliti hins breytta ástands þar sem vitneskjan um það sem breytti stöðunni er fyrir hendi.

Nöturlegur hversdagsleiki

Sögurnar lýsa hversdagsleika sem á alltaf stutt í að verða nöturlegur, neysla, rótleysi og einmanaleiki leika stórt hlutverk, á stöku stað eru jafnvel hryllingsvísanir eins og í sögunni af gæsunum og annars staðar þróast saga af sársaukafullri kynlífsorgíu út í súrrealískan fund við folald á bílastæði. Sumar sögurnar eru næstum of sársaukafullar aflestrar eins og Lögmál frumskógarins þar sem fjallað er um einelti frá sjónarhóli gerendanna, á kaldan og kæruleysislegan hátt.

Aðrar lýsa einhvers konar tilvistarlegu tómi fólks sem hefur ekki fundið fótfestu í lífinu og marar milli skips og bryggju fortíðar og framtíðar. Í enn öðrum reynir fólk að sættast við og jafnvel endurvekja drauma fortíðar til þess eins að fá raunveruleikann eins og tusku beint í andlitið, það eru engin ævintýri, ekkert hamingjusöm til æviloka. Þrá eftir börnum er minni í sögunum, einkum í seinni hluta bókarinnar, bæði eftir að eignast þau og fá að hafa þau í lífi sínu.

Áleitin og óþægileg

„Kannastu við að rifa upp gamlan atburð, hugsa síðan að það geti ekki verið að hann hafi gerst eins og þú manst hann?“ segir sögumaður í upphafi sögunnar Skýjahula á blaðsíðu 29 og í mörgum sögunum er einmitt verið að rifja upp gamla atburði sem hafa á einhvern hátt breytt lífi viðkomandi og mjög oft til hins verra þó einnig megi finna vaxtarverki sögupersónunnar víbra í gegn eins og í sögunni af mæðgunum, Rætur og dætur. Titlar sagnanna eru ekki endilega alltaf svo gagnsæir og stundum er lesandanum alveg látið eftir að tengja titil við efni.

Ég er alltaf veik fyrir því þegar smásagnasöfn hafa einhvern þráð sem tengir sögurnar saman og slíkur þráður er vissulega fyrir hendi hér. Bæði fjalla allar sögurnar um þetta breytta ástand en þær tengjast líka sumar á óljósan hátt, sem dæmi má nefna vinkonuna sem fór á Kárahnjúka að vinna og persónur í fleiri en einni sögu sakna eða eru fegnar að fór, eins konar örfinn leyniþráður gegnum allar sögurnar sem lesandinn tekur stundum eftir og stundum ekki en verður til þess að hann fær tilfinningu fyrir heild, flettir fram og til baka í sögunum í leit að vísbendingum og gleðst þegar þær finnast. Breytt ástand minnir á Kláða, smásagnasafn Fríðu Ísberg, og í raun á verk fleiri skáldkvenna af þeirri kynslóð. Hún er vel skrifuð, áleitin og á köflum óþægileg, inniheldur svipmyndir af samfélagi sem væri svo ágætt að væri aðeins betra. ■

Breytt ástand er fyrsta smásagnasafn Berglindar Óskar sem hefur áður sent frá sér tvær ljóðabækur.

NIÐURSTAÐA: Áleitnar sögur og vel stílaðar sem snerta á dekkri hliðum mennskunnar.

Stofnun Wilhelms Beckmann

Styrkir/starfslaun fyrir ungt listafólk

Stofnun Wilhelms Beckmann, sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 790/2013, auglýsir eftir umsóknum um starfslaun/styrk frá ungum myndlistarmanni/-mönnum (yngri en 35 ára) skv. reglum þar að lútandi en þar segir:

Styrki/starfslaun er heimilt að veita myndlistarmanni/-mönnum sem starfa að höggmyndalist, tréskurðarlist og annarri mótunarlist (skúlptúr), listteikningu, listskrift, málaralist, listrænni ljósmyndun, grafíklist, þráðlist (textíllist) og leirlist (keramík).

Heildarfjárhæðin, 2,5 milljónir króna, jafngildir starfslaunum í þrjá til sex mánuði eftir því hvort einn eða fleiri styrkir eru veittir.

Þriggja manna matsnefnd fer yfir umsóknir og mælir með einum eða fleiri umsækjendum. Stjórn Stofnunar Wilhelms Beckmann tekur endanlega ákvörðun um styrkþega.

Listamennirnir eiga eignar- og höfundarrétt verka sinna.

Upplýsingar er að finna á vefnum gerdarsafn.kopavogur.is.

Umsóknir með ferilsskrá og greinargóðri lýsingu á verkefni/verki sem umsækjandi hyggst vinna að, hvar/hvenær, berist dómnefnd á tölvupóstfangið gerdarsafn@kopavogur.is í síðasta lagi sunnudaginn 6. nóvember 2022.

Hver var Wilhelm Beckmann?

Wilhelm Ernst Beckmann (1909-1965) var fyrsti bæjarlistamaður Kópavogs. Hann kom til Íslands árið 1935 á flótta frá Hitlers-Þýskalandi og settist hér að. Hann vann um árabil við útskurð og skúlptúragerð, málaði og teiknaði myndir og vann við grafíska hönnun. Eftir hann liggja margvísleg tréskurðarverk, mörg með trúarlegri skírskotun, og smærri hlutir úr tré, beini, horni og silfri.

Börn Wilhelms og Valdísar Einarsdóttur höfðu frumkvæði að því að Stofnun Wilhelms Beckmann var sett á laggir árið 2013 til að kynna listamanninn, halda nafni hans á lofti og styrkja efnilega myndlistarmenn til verka.

Bókin Beckmann, um ævi og feril listamannsins, kom út haustið 2020.

Ný heimildamynd um Beckmann verður að líkindum sýnd innan tíðar í sjónvarpi hérlendis og í Þýskalandi.

Lykilspurningin

Á íslenskt mál kynhlutlaust orð yfir foreldri, það er, ávarpsorð á borð við mamma eða pabbi?

Daníel E. Arnarson
framkvæmdastjóri Samtakanna '78.

„Það er í raun ekki til, þannig séð. Bara foreldri," segir Daníel E. Arnarson aðspurður um hugsanleg nýyrði í þessu samhengi. „Svo hefur maður heyrt krakka nota alls konar, mamba, mápi og fleira. Ekkert endilega sem kynhlutlaust, bara til dæmis ef það eru tvær mömmur eða tveir pabbar í foreldrapari," segir framkvæmdastjórinn. ■

YORK
FIMM STJÖRNU HÓTELRÚM FRÁ SERTA
YORK eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi við mjaðmasvæði og mýkri við axlarsvæði. Einstakt pokafjöðrunarkerfi sem lagar sig að þér og tryggir rétta svefnstellingu.

SERTA HEILSURÚM (dýna, botn, gafl og lappir)

Stærð	Verð með botni	Tilboð
160 x 200 cm	424.900 kr.	339.920 kr.
180 x 200 cm	464.900 kr.	371.920 kr.
200x200 cm	504.900 kr.	403.920 kr.

SERTA HEILSUDAGAR
20% AFSLÁTTUR
AF SERTA DÝNUM OG RÚMUM

MASTERPIECE DÝNA OG BOTN
Vönduð heilsudýna frá Serta. Aðlagast að líkama þínum og veitir þér fullkominn stuðning. Fimm mismunandi heilsu- og hægindalög sem aðlagast að þér og gefa þér þá mýkt sem þú þarft en um leið stuðning. Náttúrulegt latex gefur henni sneggra viðbragð og góða öndun. Tilvalin í stillanleg rúm sem og önnur rúm.
140x200 cm. Verð 265.620 kr.
Nú 212.496 kr.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Rokksveitin Of Monsters and Men hefur slegið í gegn á heimsvísu. Sveitin gefur vinnu sína í þágu náttúruverndar á Hálendishátíð sem fram fer þann 19. október. Miðasala á viðburðinn er í fullum gangi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hálendishátíð tengir gott málefni við góða tónleika

Landvernd blæs til Hálendishátíðar þann 19. október í Gamla bíó. Þar stíga kanónur íslenskrar tónlistarsenu á svið, JFDR, Sóley, Moses Hightower, Snorri Helgason og Of Monsters and Men.

ninarichter@frettabladid.is

„Hugmyndin er bein tenging við þessa umræðu um hálendisþjóðgarð," segir Hafþór Óli Þorsteinsson, viðburðastjóri Landverndar. Hann segir að þrátt fyrir að ekki beri eins mikið á umræðunni um þjóðgarðinn og áður, þá viti hann til þess að fjöldi manns vilji þjóðgarð. „Þessi hugmynd hefur blundað í okkur lengi fyrir Covid, að fyrst og fremst hafa gaman," segir Hafþór.

„Oft er tilfellið með náttúruverndina í heild sinni að þetta verður skotgrafahernaður," segir hann og bætir við að vel sé hægt að hafa gaman og tengja gott málefni við góða tónleika.

Nokkur hefð hefur skapast fyrir því á Íslandi að tónlistarfólk beiti sér fyrir vernd náttúrunnar, og er

» Fram koma JFDR, Sóley, Moses Hightower, Snorri Helgason og Of Monsters and Men.

Hafþór Óli Þorsteinsson

Björk Guðmundsdóttir þar frægust, en hún hefur ritað greinar, haldið tónleika og staðið fyrir viðburðum til styrktar málefninu. Aðspurður hvers vegna tónlistarfólk sé svo ötult í þessari baráttu svarar Hafþór:

„Ég held að náttúran gefi Íslendingum svo margt sem við áttum okkur aldrei almennilega á. Sérstaklega ef maður fer upp á hálendið. Þar eru þessi gífurlegu verðmæti sem við eigum í náttúrunni. Þetta óspillta víðerni og þessir frussandi fossar, eldhraunið og allt. Þetta gefur manni svo ótrúlega mikið og maður áttar sig ekki á því hversu dýrmæt þessi óspillta náttúra er fyrr en maður hefur upplifað hana," segir hann.

Hafþór segir að greiðlega hafi gengið að fá tónlistarfólk með í verkefnið, en taka skal fram að allt listafólkið gefur vinnu sína. „Um leið og orðið fór að berast, að við værum með tónleika fyrir hálendið, þá hlupu tónlistarmenn undir bagga," segir hann. „Fjármagnið sem safnast af þessum tónleikum verður nýtt í áframhaldandi baráttu og vitundarvakningu fyrir verndun hálendisins."

Hafþór segir umræðuna um náttúruvernd oft litast af rifrildum og átökum. „Með þessu viljum við undirstrika það jákvæða sem við eigum," segir hann. Aðspurður segir Hafþór að náttúruvernd sé vissulega inn í dag. „Já. Mér finnst það. Þetta er orðið svo samofið öllu sem við gerum. Þetta er framtíðin og er ekki framtíðin alltaf kúl?" ■

Íslensk hönnun lýsir upp stræti Reykjavíkurborgar í heila viku

ninarichter@frettabladid.is

Íslensk hönnunarvara lýsir upp Reykjavík á ljósaskiltum alla vikuna. Átakið „Þetta er íslensk hönnun" er hugarfóstur Eyjólfs Pálssonar stofnanda Epal. Átakið fór fyrst af stað í fyrra, vakti mikla athygli og vann til gullverðlauna í keppni Félags íslenskra teiknara.

„Þetta er bara ástríða mín fyrir íslenskri hönnun," segir Eyjólfur í samtali við Fréttablaðið. „Að gera hana sýnilegri og reyna að tryggja að hún njóti verðskuldaðrar viðurkenningar. Ekki bara á húsgögnum og ljósum heldur bara almennt, þetta er svo rosalega víðtækt svið."

Eyjólfur segir að þess vegna megi sjá hönnun fyrirtækja á borð við Marel, Össur og CCP á ljósaskiltunum, í bland við hönnun frá 66°Norður. Hann leggur sömuleiðis

Eyjólfur Pálsson

áherslu á að átakinu sé ekki ætlað að vera auglýsing heldur kynning á því hversu víðtækt fagið er.

Eyjólfur vann verkefnið í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, sem var honum innan handar við að útbúa lista yfir vörur sem endurspegla hina gríðarlegu breidd sem einkennir íslenska hönnun. „Við viljum vekja athygli á fjölbreytileika hönnunar og í ár voru sextíu hönnunarvörur frá jafnmörgum hönnuðum valdar til að prýða borgarumhverfið," er haft eftir Eyjólfi í fréttatilkynningu sem send var á fjölmiðla í gær. Þar kemur einnig fram að forsendur þátttöku séu að varan sé nú þegar í framleiðslu og sölu.

Um er að ræða þrjátíu stóra skjái auk þrjú hundruð skjáa í strætisvagnaskýlum. Myndir úr átakinu birtast þar á mínútu fresti. ■

Á UPPBOÐ.IS

PERLUR Í ÍSLENSKRI MYNDLIST

vefuppboð á gæðaverkum mánudaginn 24. október

Jóhannes S. Kjarval

Þorvaldur Skúlason

Ásgrímur Jónsson

Sveinn Björnsson

Kjartan Guðjónsson

Gunnlaugur Scheving

Georg Guðni

Þorvaldur Skúlason

Tolli

Jóhannes S. Kjarval

Egill Eðvarðsson

Jóhannes S. Kjarval

Svavar Guðnason

Forsýning á verkunum hjá
Fold uppboðshúsi og á vefnum uppbod.is

FOLD UPPBOÐSHÚS
Stofnað 1992

Rauðarárstígur 12–14, sími 551 0400 · www.uppbod.is

PINTO
U-sófi í Kentucky koníakslituðu bonded leðuráklæði. Hægri eða vinstri tunga.
349×206×85 cm. 338.722 kr. ~~419.990 kr.~~

MAX
U-sófi, hægri eða vinstri tunga.
286×200×87 cm. 161.292 kr. ~~199.990 kr.~~

CHARLIETOWN
3ja sæta sófi í dökkgráu sléttflaueli.
219×88×78 cm. 137.097 kr. ~~169.990 kr.~~

KIRUNA
3ja sæta sófi. Dökkgrátt áklæði. 227×90×78 cm.
112.902 kr. ~~139.990 kr.~~

SALTO
Hornsófi. Hægra eða vinstra horn.
275×216×85 cm. 298.397 kr. ~~369.990 kr.~~

LIAM
Tungusófi með hægri eða vinstri tungu.
267×160×93 cm. 387.112 kr. ~~479.990 kr.~~

**Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum, sófaborðum, mottum, púðum og teppum nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar. Tilboð gildir ekki af sérpöntunum.*

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Silja Rós vinnur um þessar mundir að sinni þriðju plötu sem hún stefnir á að gefa út næsta sumar. MYNDIR/SAGA SIG

Segir áhugann í Danmörku koma ánægjulega á óvart

Silja Rós sendir frá sér nýtt lag á föstudag, Lie just to lie. Lagið er samið í Danmörku í heimsfaraldri. Myndband lagsins var tekið upp í Los Angeles í apríl á aðeins fimm klukkustundum.

ninarichter@frettabladid.is

Tónlistarkonan Silja Rós er nýkomin heim frá París þar sem tónlistarhátíðin og bransaráðstefnan MaMA fór fram. „Þarna var margt fræðandi. Ég var bara á ráðstefnunni og aðeins að kynna mér alþjóðlega markaðinn," segir hún.

Silja Rós gefur út nýtt lag á föstudag samhliða tónlistarmyndbandi sem frumsýnt er á YouTube. „Lagið heitir Lie just to lie. Ég samdi það í Kaupmannahöfn haustið 2020 ásamt lagahöfundi sem ég hef unnið mikið með, René Andreas Kowalczyk," segir hún. Þau René kynntust í ritsmiðju í Kaupmannahöfn sem var haldið á vegum útgáfufyrirtækisins The Arrangement.

„Ég hef oft reynt að kryfja hvaðan hugmyndin og textinn kom en ég held að sögur okkar beggja hafi blandast svolítið saman í þessum heimi. Þetta byrjaði allt á gítargrunni þannig að innblásturinn hefur komið frá melankólískum hljómum," segir Silja Rós og hlær dátt.

Að sögn Silju Rósar sömdu þau René tónlist saman hér um bil allan tímann sem hún var búsett í dönsku höfuðborginni. „Maður var svolítið að þessu þegar maður gat ekki verið að gigga. Þá var maður bara inni í stúdíói," útskýrir hún.

Aðspurð hvort Danir séu jákvæðir í garð íslenskrar tónlistar, segir Silja Rós svo vera. „Það kom mér skemmtilega á óvart. Það var meiri áhugi en ég hefði haldið. Það var júník að vera Íslendingur og það hjálpaði mér. Ég var fljót að mynda nýtt tengslanet þar."

Sem stendur er lagið sjálfstæð útgáfa. Silja Rós segist þó vera með nýja plötu í vinnslu sem komi út næsta sumar. „Eftir áramót koma út fleiri lög af plötunni," segir hún.

Myndband lagsins var tekið upp í Los Angeles í apríl. „Ég bjó þar heillengi og komst fyrst aftur þangað eftir Covid í apríl. Ég var búin að vinna með kvikmyndagerðarmanni sem heitir Taylor McWhorter sem er búinn að vera vinur minn í mörg ár.

Silja Rós segist oft hafa reynt að kryfja hvaðan hugmyndin að laginu Lie just to lie er komin. Hún samdi lagið í Danmörku ásamt René Andreas Kowalczyk.

> **Það var meiri áhugi en ég hefði haldið. Það var júník að vera Íslendingur og það hjálpaði mér. Ég var fljót að mynda nýtt tengslanet þar.**

Ég sýndi honum lagið sem var tilbúið á þeim tíma og þá ákváðum við að kýla á það og taka upp myndband á meðan ég væri þar," segir Silja Rós, sem bætir við að vinnan hafi gengið gríðarlega vel og tökur hafi staðið yfir í aðeins fimm klukkustundir.

„Við erum vön að vinna saman og komum úr sama skóla. Þegar maður er að vinna með einhverjum sem maður treystir svona rosalega vel þarf ekki eins mikla grunnvinnu og maður er svo mikið í mómentinu."

Í fyrra sendi Silja Rós frá sér plötuna Stay Still. „Ég fylgdi henni eitthvað eftir í ár, var með útgáfutónleika í mars og er búin að vera að spila hana síðan," segir hún. „Sú plata átti að vera löngu komin út, og ég fylgdi henni eftir eins og ég nennti," útskýrir Silja Rós en bætir við að hún hafi farið rakleiðis eftir útgáfutónleikana í stúdíóið að taka upp nýtt efni. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

GARÐABÆR

LYNGHÓLAR 36

NEÐRI HÆÐ MEÐ SÉRINNGANGI

OPIÐ HÚS

Þriðjudaginn
18. október
kl. 17:30 - 18:00

LIND FASTEIGNASALA KYNNIR:

Mjög fallega og vel skipulagða fimm herbergja neðri hæð með sérinngangi við Lynghóla í Garðabæ. Byggt árið 2019. Tvö bílastæði fylgja eigninni. Tvö baðherbergi. Sérgarður/verönd að framan. Granít borðplötur. Innfelld lýsing. Aukin lofthæð. Gólfhiti. Eignarlóð. Hiti í stétt.

Stærð: **140 fm.**
Gerð: **neðri sér hæð**

Herbergi: **5**
Baðherbergi: **2**

Tvö bílastæði
Verð: **107,9 millj.**

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR

Hannes
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is

Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flugger: 30% afsláttur af alli innmálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z-brautir & gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

FASTEIGNASALAN TORG 520 9595
Við styrkjum **Bleiku slaufuna**

Bakþankar

Kristbjargar Þórisdóttur

Villta vestrið

Fyrir nokkrum árum sat ég áhugaverða fræðslu um tölvufíkn unglinga og ungmenna. Sálfræðingurinn sem hélt fræðsluna sagði að sú veröld sem börnin okkar lifa og hrærast í á netinu væri eins og villta vestrið og því þyrftum við að undirbúa börnin vel áður en þau færu inn í þessa veröld. Ég óttast að villta vestur nútímans sé orðið enn villtara og ógeðfelldara.

Undanfarið hafa birst fréttir af ofbeldi ungmenna sem beinst hafa gegn hinsegin ungmennum og að saklausu fólki í miðbænum. Einu sinni las ég í uppeldisbók að þegar við sem foreldrar erum að ala upp börn okkar sé mikilvægt að leiða hugann að því hvernig manneskju við viljum sjá eftir 10–15 ár og byrja strax að vinna út frá því leiðarljósi. Við þurfum frá fyrsta degi að kenna börnum okkar þá hegðun sem við viljum sjá hjá þeim til framtíðar. Ef við viljum að börnin okkar séu þakklát eða góð við aðra þurfum við að kenna þeim það strax. Við þurfum líka að taka mjög ákveðið á hegðunarslysum þegar þau sýna óæskilega hegðun. Ekki síst þurfum við öll að líta í eigin barm og leiða hugann að því hvernig fyrirmyndir við erum fyrir unga fólkið í kringum okkur. Erum við að hampa góðmennsku og góðum dyggðum eða veitum við því neikvæða mikla athygli? Tökum við þátt í eineltismenningu eða virðum sjálf ekki reglur samfélagsins? Erum við tilbúin að samþykkja allt fólk eins og það er? Verum breytingin sem við viljum sjá í börnunum okkar og kennum þeim að lifa sem góðar manneskjur í villta vestrinu. ■